

#### 47. Stjórnarfundur Alnæmisbarna

Haldinn fimmtudaginn 12. apríl 2007 kl. 21 – 22:30 að Drápuhlíð 6.

Mætt: María J. Gunnarsdóttir, Bjarni Reyr Kristjánsson, Hildur Gestsdóttir, Ingibjörg Guðlaugsdóttir, Helga Tuliníus og Sigurlaug Hauksdóttir.

Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt

Verkaskipting nýrrar stjórnar

Ákveðið að María verði formaður, Hildur varaformaður, Bjarni gjaldkeri, Sigurlaug ritari og Ingibjörg og Helga meðstjórnendur.

Aðalfundargerð

Vantar að tiltaka fjölda fundargesta og leiðrétta nokkrar stafsetningarvillur. María ætlar að taka að sér að gera það áður en aðalfundargerðin verður sett inn á heimasíðuna.

Beiðni frá CLF um styrk til lóðakaupa

Rosette hyggst sækja um fjárhagsstyrk til japanska sendiráðsins til byggingar húss fyrir starfsemi CLF. Þeir hafa sýnt því áhuga, en setja þær kröfur að CLF eigi land undir slíka byggingu. Rosette telur mikilvægt að fá ókeypis húsnæði til þess að auðvelda starfseminu í framtíðinni þegar PSSÍ hættir að styrkja hana. Hún hefur fundið land á Wakiso og Mukonosvæði sem er ekki langt frá því svæði sem núverandi húsnæði CLF stendur á. Þetta land kostar 10 milljónir shs. og er fyrir eina ekru lands. ICEIDA hefur veitt þeim 4 milljónir shs. sem er fyrirframgreiðsla á rekstrarfé ICEIDA. Rosette sækir því hér með um að Alnæmisbörn borgi það sem upp á vantar eða 6 milljónir shs..

Gestur sem situr í stjórn CLF er búinn að skrifa Rosette og tjá henni að honum lítist vel á þessa ráðagerð hennar. Hann tiltók jafnframt að samþykki CLF þyrfti einnig að liggja fyrir ásamt áætlun og tímaplani. Stjórn CLF er nú búin að funda um málið og tóku þeir vel í framkvæmd þessa. Enn vantar samt áætlunina og tímaplanið. Við erum sammála því að það væri starfsemi CLH mikils virði að komast í ódýrara húsnæði. Við lítum einnig svo á að til að geta íhugað betur styrk til umræddar lóðakaupar, þurfum við að fá fjárhagsáætlun og tímaplan. Sömuleiðis teljum við mikilvægt að vita meir um japanska styrkinn t.d. hvað hann komi til með að greiða stóran hluta byggingarinnar. María talaði nýlega við Helgu Þóroldsdóttur og Gest Hrólfsson hjá RKÍ. Lögðu þau áherslu á það að við settum kröfur til ákveðins ramma í þessu sambandi. Það myndi jafnframt auðvelda Rosette og CLF að sækja um fleiri styrki.

#### Kröfur til Candle Light Foundation – tillaga

María var fyrir fundinn búin að undirbúa tillögu að þeim skilyrðum sem við setjum fyrir samstarfi um kaup á umræddri lóð. Við fórum yfir skilyrðin lið fyrir lið og ætlar María að koma bréfinu í endanlegt form og senda Rosette. Er Rosette frjálst að gera athugasemdir við þessi skilyrði og/eða skrifa undir. Við óskum jafnframt eftir nánari upplýsingum um japanska styrkinn til þess vita hvort um raunsætt plan sé að ræða fyrir framtíðina. Gangi þetta allt eftir er hægt að búa til betri ramma/setja nánari kröfur um ákveðin verkefni t.d. um smálánasjóðinn sem 15 stelpur eru nú þegar búnar að fá lán úr. Ræða þarf m.a. hvernig haga beri endurgreiðslu lánanna, hve há hún á að vera fyrsta árið.

#### Verkefni framundan – innheimta félagsgjalda

Styrktaraðilar Alnæmisbarna eru annað hvort styrktaraðilar fyrir einstaka stúlku og/eða þeir greiða félagsgjald. Ekki greiddu allir félagsgjaldið á síðasta ári. Ákveðið að skrifa bréf til félagsmanna og biðja þá um að greiða árgjaldið í ár sem var samþykkt á aðalfundinum að héldist óbreytt. Einnig að hvetja fólk til þess að greiða gjaldið fyrir árið 2006 hafi það ekki þá þegar gert það. Senda síðan ítrekun eftir einhvern tíma og jafnvel birta lista yfir þá sem eru þegar búnir að greiða félagsgjaldið. Bjarni sér um þessa framkvæmd.

#### Heimasíða – sýnikennsla

Bjarni sýndi okkur í verki hvernig við gætum sett fréttir, fundargerðir og annað efni inn á nýju heimasíðu Alnæmisbarna. Hver og einn hefur sitt eigið notendanafn og aðgang að gerð síðunnar. Ákveðið að hver og einn setji fréttir inn á heimasíðuna þegar eitthvað gerist, meti þeir efnið frétt næmt. Helga hefur yfirumsjón með heimasíðunni og lagt var til að hún kíkti inn á hana reglulega

og sæi til þess að halda henni lifandi annað hvort með því að setja sjálf inn efni eða ýta við öðrum að gera það. Gott væri ef ný frétt kæmi minnst einu sinni í mánuði. Hægt er að búa til fréttir úr fundargerðum eða koma með fréttir af stelpunum og birta myndir af þeim.

Með kveðju, Sigurlaug Hauksdóttir, ritari stjórnar